

Fundargerð

292. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 23. september 2020 kl. 9⁰⁰–10⁴⁵.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar

2. Ársreikningur

Fjallað var um ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2019 sem Fjársýsla ríkisins sendi sjóðnum til staðfestingar
Eftirfarandi bókun var send til Fjársýslu ríkisins.

Líkt og með ársreikning 2017 og 2018 telur stjórn sig ekki geta samþykkt ársreikning Úrvinnslusjóðs 2019 samkvæmt tillögu Fjársýslunnar þar sem hann stangast á við lög um úrvinnslugjald. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna þessa niðurstöðu til Fjársýslu ríkisins.

Lögð voru fram á fundinum viðbrögð Fjársýslu ríkisins sem barst í tölvupósti við þessari samþykkt.

3. Rafhlöður

Á síðasta fundi var lagt fram og Íris Gunnarsdóttir fór yfir, minnisblað starfshóps um framkvæmd framleiðendaábyrgðar á rafhlöðum og rafgeymum, sem notuð eru til að knýja ökutæki áfram.

UAR hefur sent Úrvinnslusjóði samanburðarskjal sem lagt var fram á fundinum vegna drifrafhlaða og breytinga á álagningu á ökutæki vegna skilagjalds. ÍG mætti á fundinn og fór yfir helstu breytingar. ÍG sýndi glærur með áhersluatriðum UAR sem og áherslum Úrvinnslusjóðs er varðar nýja álagningu á rafknúin ökutæki. Þar kom fram m.a.:

Skilagjaldskerfi fyrir úrsérgengin ökutæki verði áfram til staðar og verði innheimt með bifreiðagjöldum, af eldri og nýjum ökutækjum. Þetta kerfi verði eingöngu til að greiða eigendum skilagjald, til að auðvelda þeim og hvetja þá til að losna við ökutæki til afskráningar og réttar meðhöndlunar.

Úrvinnslugjald verði lagt á drifrafhlöður sem fluttar eru inn einar sér.

Úrvinnslugjald leggst á drifraflöður í ökutækjum við innflutning. Hið sama á við um hjólbarða og blýsyrurafgeyma.

Úrvinnslugjald verði lagt á ökutæki sem koma á markað, til meðhöndlunar við afskráningu og uppfylli þar með tilskipun um endalok farartækja (ELV). Þar sé innifalið að fjarlægja spilliefni svo sem olíu, bensín, blýsyrurafgeyma og drifraflöður og undirbúa ökutæki til endurvinnslu

ÍG fór yfir að til stendur að halda samráðsfund með umboðum ökutækja, Skattinum og Úrvinnslusjóði um útfærslu á væntanlegu innheimtukerfi Úrvinnslusjóðs.

Stjórn leggur til að fá samráðsfund með UAR, framleiðendum og Úrvinnslusjóði til að ræða framkomnar tillögur og útfæra nánar. Greina þarf betur hvort fara eigi endurgreiðsluleiðina eða samningaleiðina.

EM lagði til að endurskoða greiðslu til síðasta eiganda ökutækis, ef að sveitarfélag þarf að leggja í kostnað við koma þeim til meðhöndlunar.

4. Plastumbúðir

ÓK fór yfir að á síðasta fundi var fjallað um tillögur um breytt fyrirkomulag vegna endurgjalds fyrir blandaðar plastumbúðir frá heimilum sem sendar eru til flokkunar erlendis. Þjónustuaðili hefur sent Úrvinnslusjóði greinargerð um ráðstöfun blandaðra plastumbúða frá heimilum með ósk um hækkun á endurgjaldi.

ÓK lagði fram og sýndi glærur um breytt fyrirkomulag og tillögur um endurgjald fyrir mismunandi flokka plastumbúða.

LM og BHG yfirgáfu fund kl. 10:00.

Framhaldið var umræðu frá síðasta stjórnarfundum um erindi PNR þar sem óskað er eftir óhreinindaálagi á endurgjald vegna endurvinnslu á plastumbúðum. Jafnframt er óskað eftir að fyrirkomulag sem samþykkt var tímabundið í vor, um greiðslu endurgjalds vegna heyrúlluplasts sem framleitt er inná lager, eigi einnig við um plastumbúðir og verði gert varanlegt.

Umræðu frestað.

5. Önnur mál

BGH lagði fram tillögu hennar og EM um að Úrvinnslusjóður setji sér reglur um endurskoðun á endurgjaldi. BHG lagði til eftirfarandi tillögu:

*Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkir að á þriggja mánaða fresti verði metið hvort tilefni sé til breytinga á endurgjaldi á eftirtöldum vöruflokkum: xxxxxx
Einnig verði á sex? mánaða fresti metið hvort tilefni sé til breytinga á endurgjaldi á eftirtöldum vöruflokkum: xxxxx*

Frestað.

Næsti fundur 14. október 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.45